



## Minnisblað

Dags.: 2023-12-01

**Frá:** Ragnar Guðmundsson  
**Dreifing:** Sveitarstjórn

### Efni: Tilboð í borun vinnsluholu fyrir heitt vatn í Vaðnesi

Vegna vöntunar á heitu vatni var óskað eftir tilboðum í borun vinnsluholu í grennd við núverandi vinnsluholu í Vaðnesi. ÍSOR voru fengin til að gera forðamat og vatnsborðsspá fyrir svæðið og til að hanna nýja holu byggða á þeim gögnum, sjá viðauka.

Holuhönnun frá ÍSOR er eftirfarandi:

*Forborað og steipt niður yfirborðsfóðring, 14–15" víð, niður á um 3–5 m dýpi. Vinnslufóðring yrði boruð með 12¼" eða viðlíka, sett niður sama fóðringarstærð og í VN-13B, 10¾". Lágmarks fóðringardýpi þyrfti að vera um 55–75 m, eða þar sem komið er niður íhita á svipuðum slóðum og í hinni holunni. Í ljósi sögu borunar VN-13B má færa rök fyrir því að æskilegra væri að taka hrungjarna kaflann á 60–100 m dýpi á bak við fóðringu og fara því með vinnslufóðringuna niður á um 100 m dýpi. Ekki er að sjá á hitamælingum að það dragist að kaldara vatn í efsta hluta VN-13B, heldur kann innstreymi kaldara vatns og ferskara að vera í jöðrum vinnslusvæðisins. Vinnsluhlutinn yrði síðan boraður með 8½" hjólakrónu eða 8⅝" hamri, eftir borverktaka og/eða báðum gerðum eftir aðstæðum. Miðað við að rennsli í holu VN-13B, sem virðist vera frá æðum við botn, er ástæða til að reyna að fara dýpra en 400 m með vinnslu-hlutann í nýrri holu. Setja ætti markið við 500–600 m eftir því hvað væri hægt að staðfesta að kæmi inn af nýjum æðum neðan við 400 m.*

Leitað var tilboða hjá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og Borlausna. Borlausnir boruðu tilraunaholu í Vaðnesi fyrri hluta árs 2023. Leitað var eftir ráðgjöf frá ÍSOR um hæfi beggja fyrirtækja og standast þau bæði kröfur.

Eftirfarandi tilboð bárust, öll verð án virðisaukaskatts:

Tafla 1: Tilboð í gerð nýrrar vinnsluholu í Vaðnesi.

Tilboðsaðili	Fóðringardýpi	Fóðringarstærð	Sverleiki vinnsluhluta	Dýpi holu	Tilboðsverð	Bortími
Ræktunarsamband Skeiða og Flóa	100 m	10 3/4"	10" & 9 7/8"	600 m	62.329.390 kr	Mars
Ræktunarsamband Skeiða og Flóa	100 m	10 3/4"	7 7/8"	600 m	48.571.010 kr	Mars
Borlausnir	100 m	10 3/4"	9 1/16" & 8 1/2"	600 m	42.364.400 kr	Febrúar

Tilboð má sjá í viðauka. Erfitt er að bera saman tilboðin þar sem ekki er um að ræða nákvæmlega sömu holur en verktakar bjóða í þá holu sem þeirra búnaður ræður við. Lægsta verð kemur frá Borlausnum og þeir reikna með að komast í þetta á undan.



Undirritaður leggur til að gerður verði verksamningur við Borlausnir vegna borunar vinnsluholu í Vaðnesi. ÍSOR verði fengnir til að setja út holuna og að vinna við borplan fari af stað í desember 2023. Lagt er til að jarðvegsskipt verði undir fyrirhugaðri staðsetningu á nýrri vinnsluholu þannig að hægt sé að byggja nýtt hús á svæðinu. Einnig þarf að athuga með að setja í gang deiliskipulagsbreyting á lóðinni og byggingarheimildir rýmkaðar fyrir nýju dæluhúsi.